

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 29. TBL.

16. APRÍL 2010

## Skólaskákmót Hafnarfjarðar haldið í Víðistaðaskóla

Í vikunni var haldið Skólaskákmót Hafnarfjarðar í Víðistaðaskóla með keppendum frá öllum grunnskólunum. Keppnin fór fram í tveimur hópum, þ.e. yngri og eldri nemenda.

Sigurvegarar í yngri hópi voru af 76 keppendum:

1. Magni Marelsson, Hvaleyrarskóla.
2. Sóley Lind Pálsdóttir, Hvaleyrarskóla.
3. Jóhann Hannesson, Öldutúnsskóla.

Sigurvegarar í eldri hópi voru af 46 keppendum:

1. Jón Hákon Richter, 8. bekk Öldutúnsskóla.
2. Hans Adolf Linnet, 8. bekk Setbergsskóla.
3. Sindri Þór Hannesson, 9. bekk Öldutúnsskóla.

F.v. Magni, Sóley Lind og Jóhann; sigurvegarar í yngri hópi.




## Setbergsskóli vann spurningakeppnina



Skólaþróun

Lið Setbergsskóla vann í spurningakeppni grunnskólanna í bænum og á Álftanesi í vikunni þegar lið skólans lagði Álftanesskóla í úrslitunum. Keppnin nefnist **Veistu svarið?** og hefur staðið yfir á vorönn með útsláttarkeppni þar til einn skóli stóð uppi sem sigurvegari. Þetta er annað árið sem keppnin er haldin en Víðistaðaskóli vann keppnina í fyrra.



Sigurlið Setbergsskóla í spurningakeppninni.



## FRÉTTIR

### úr stjórn- kerfi

## Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 12. apríl  
2010. fundur:

- Kynntar niðurstöður fyrir Hafnarfjörð í skýrslu Námsmatsstofnunar um samræmd könnunarpróf grunnskóla.
- Kynnt skýrsla um könnun meðal skólastjóra grunnskóla um framkvæmd laga um grunnskóla frá 2008.
- Lagt fram bréf, dags. 25. mars 2010 frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem bent er á að lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eigi einnig við um danskennarastöður.
- Lögð fram drög að dagskrá og tímasetningu málþings um nám og kennslu 5 ára nemenda sem ákveðið er að halda í vor. Málþingið verður í Víðistaðaskóla þriðjudaginn 4. maí kl. 13:30 - 16:30.
- Kynnt staða mála í Norðurbæ og boðað til sérstaks fundar um málið næsta fimmtudag í fræðsluráði.
- Ákveðið að auglýsa eftir tilnefningum til viðurkenningar fræðsluráðs árið 2010.

## Tilkynning vikunnar

Minnt er á möguleikann að senda inn tilnefningar til viðurkenningar fræðsluráðs sem stendur yfir nú í apríl-mánuði. Mat á tilnefningum fer fram í maí og verða þær afgreiddar frá fræðsluráði fyrir lok kjörtímabilsins í vor.

Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
23. apríl 2010

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfnni

» Víðistaðaskóli mun keppa í úrslitum BEST stærðfræðikeppninni, enn eitt skólaárið en úrslitin fara fram í næstu viku.

» Nýtt frá **Námshagstofnun**: Bókin **Norðurlönd** er komin út. Bókin er ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Í fyrri hluta bókarinnar er almenn umfjöllun um Norðurlöndin. Í seinni hlutanum er fjallað um einkenni hvers lands fyrir sig að Íslandi undanskildu. Kennsluleiðbeiningar og verkefni verða gefin út á vef Námshagstofnunar. **Náðu tökum á náminu** er lítið kver í námstækni fyrir nemendur á mið og unglingastigi. Bókin er 24 bls. í litlu broti (12x18 cm). Kverið nýtist einnig nemendum í framhaldsskóla og tekur á:

- Viltu bæta námsárangur þinn?
- Þarftu að skipuleggja tímann betur?
- Viltu endurskoða lífsvenjur þínar?
- Viltu ná betri einbeitingu?
- Viltu setja þér skýr markmið?
- Þarftu að vinna gegn prófkviða?



» Fræðsluráð Hafnarfjarðar óskar eftir tilnefningum til viðurkenningar fræðsluráðs árið 2010.

Tilnefningarfrestur er 1. maí nk. og skal senda tilnefningar skriflega í tölvupósti til [magnusb@hafnarfjordur.is](mailto:magnusb@hafnarfjordur.is). Sjá nánari upplýsingar um viðurkenninguna á vef bæjarins: <http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/fraedslurad/vidurkenningfraedslurads/>.

## Málþing um nám og kennslu 5 ára nemenda

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, samkvæmt ákvörðun fræðsluráðs bæjarins og að tillögu vinnuhóps um skólamál í Norðurbæ, stendur fyrir málþingi um nám og kennslu á mörkum leik- og grunnskóla. Málþingið verður haldið í Víðistaðaskóla þann 4. maí e.h.

Á dagskrá þingsins verða erindi sem snúa að skólustarfi með fimm ára börnum undir heitinu: **HVAR EIGA FIMMA ÁRA NEMENDUR HEIMA?** Aukin áhersla hefur verið í skólustarfi á Íslandi að vera með sérstök náms-

**Málþing um nám og kennslu á mörkum leik- og grunnskóla**  
**HVAR EIGA FIMMA ÁRA NEMENDUR HEIMA?**

**Víðistaðaskóla þriðjudaginn 4. maí**  
**DAGSKRÁ**

kl. 13:30	Þingmyting
kl. 13:35	Stofnunarfrádröfning um leik- og grunnskóla Gertur G. Ólafsson, h. heilbrigði
kl. 14:00	Þing um áherslu á leikskóla- og grunnskóla Lárus Ólafsson, skólastjóri og Gertur Ólafsson, skólastjóri
kl. 14:40	Leikskóla
kl. 15:00	Þing um áherslu á leikskóla- og grunnskóla Gertur Ólafsson, skólastjóri og Lárus Ólafsson, skólastjóri
kl. 15:30	Þing um áherslu á grunnskóla- og leikskóla Lárus Ólafsson, skólastjóri
kl. 15:40	Þing um áherslu á leikskóla- og grunnskóla Lárus Ólafsson, skólastjóri
kl. 16:10	Þing um áherslu á leikskóla- og grunnskóla Lárus Ólafsson, skólastjóri
kl. 16:30	Þing

Þing er haldið í skólaskrifstofu í Víðistaðaskóla á milli 11. og 12. hæðar. Ástunda þing með gæðum. Ástunda þing með gæðum. Ástunda þing með gæðum.



## Símenntun

tilboð fyrir fimm ára nemendur, ýmist innan leikskóla með börn á aldrinum 1-5 ára (t.d. Hraunvallaskóli), í sérstökum fimm ára leikskólum (t.d. Álfaberg) eða með fimm ára deildum í heildstæðum grunnskólum (t.d. Lágafellsskóli).

Dagskrá málþingsins er send í sérstökum skjali sem mun fylgja sem viðhengi við **Skólavefritið** þessa vikuna. Skráning á námskeiðið fer fram á Skólaskrifstofunni ([skolaskr@hafnarfjordur.is](mailto:skolaskr@hafnarfjordur.is)) eða í síma 585 5800 til 30. apríl nk. Aðgangur ókeypis.



## Námskeið

## Námskeiðahaldið í næstu viku

**Mánudagur 19. apríl:**

- Námskeið 106, **Leikur og læsi í byrjendakennslu**, á Skólaskrifstofunni, Strandgötu 31 (2. hæð) kl. 15-17.



**VEFSLÓÐ:** [http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi\\_skolaskrifstofu/](http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/)